

Fundur 28.10. 2024 Kristján Eldjárn.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já, góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur frá stjórnusambandsstöð og hef ég talað til ykkar áður.

Og vildu ráðsettir menn og konur fá mig til að tala hér fyrstan til ykkar hér í kvöld, og ávarpa ykkur og höfum við það fyrir venju að leita fréttu af ykkur og hvert land fyrir sig.

Og höfum við þróað ýmsar aðferðir til þess, eins og að skrá niður á sjónvarpstæki það sem dreymt er og fá fréttir af tali og skrá það niður.

Og Íslendingar hafa sannarlega gengið í gegnum margar breytingar á sínu þjóðfélagi, eins og aðrar þjóðir, að undanförunu og á ég sérstaklega við þetta ár.

Hef ég fyrir löngu sagt mig frá slíku stússi og tekið aftur til við mína starfsgrein og vildi ég gjarnan segja frá henni.

En ræði ég þó oft við fólk sem hefur áhrif á stjórn málin og er ég sem sitjari á sambandsfundum, þar sem reynt er að koma áleiðis góðum áhrifum til ykkar og annarra, í þá veru að koma ró á stjórn málin og koma inn skynsamlegum áhrifum og uppbyggilegum.

Er ég enn að rannsaka þennan hnött og eru næg verkefni, og stöðugt fara aðferðirnar batnandi og það sem okkur þótti erfitt viðureignar fyrir 5 eða 10 árum, er nú orðið auðveldara og eru það ómetanlegar ráðleggingarnar og hjálpin sem við höfum fengið frá fólki frá öðrum hnöttum, þar sem lengra er komið í okkar vísindagrein.

Hefur það verið sérstakt áhugamál mitt, að bera saman muni frá ýmsum menningarskeiðum á þessari jörð og ýmsa þá muni sem ég handlék á gömlu jörðinni, eða hafði séð, og athuga gaumgæfilega.

Verður ekki annað sagt en að fornsagan sé áþekkt að nokkru leiti, þó fjölmargt sem ólíkt er, og Íslendingar hafa farið víða og norrænir menn og forfeður okkar og má með sanni segja að gæfa þeirra sem byggðu hnött þennan, sem ég er staddur á núna, að gæfa þeirra hafi verið að búa við samfelldari og samstilltari fornmenningu, en þekkist af gömlu jörðinni ykkar sem ég kom á upphaflega.

Og eru þar ýmsir þættir, en þó er það svo, að margt kemur okkur á óvart, sem erum að rannsaka þessa hluti hér, eins og hversu örar breytingarnar voru í forsögu þessa mannkyns sem byggði þennan hnött, og hversu ólíkar tegundir voru hér til í upphafi, sem síðar mynduðu þann megin hóp frummanna sem urðu að þeim þjóðum sem við þekkjum og fengum að nema land hjá.

Og er það stórmerkileg saga um Guðina gömlu og aðra Guði fornra mannkynja tegunda á þessum hnetti og hvernig tegundirnar komu fram og hvernig lífið var magnað fram eftir fjarlægum fyrirmyndum og gróum og bakteríum og einfrumungum sem hér komu fyrst fram eins og á jörðinni gömlu.

Er sú saga merkileg hvernig mannkyn það sem náði miklum þroska og tæknilegri fullkomnun á þessum hnetti, varð fyrir hnignun og átti sér annað blómaskeið á öðrum hnetti, þar sem saga þeirra heldur nú áfram, en fáir þeirra eru hér eftir og flestir hafa þeir blandast aðfluttum frá jörðinni okkar gömlu og svipuðum frumlífs hnöttum, og eru þau því í meiri samskiptum við hnetti sína, þar sem tilvera þjóða þeirra heldur áfram með blómlegri hætti en hér.

Á þessi hnöttur þó langt eftir og er hann ekki kominn á öldrunarskeið, þar sem möndulhallinn fer að bindast, en er það fyrir mestu að lofthjúpur haldist í jafnvægi og veðrakerfin og er það í betra ásigkomulagi en á gömlu jörðinni okkar þar sem þið eigið í vandræðum með þau atriði.

Langar mig gjarnan til að segja ykkur frá þeim hlutum sem ég hef handleikið upp á síðkastið, spjót og nælur og diska.

Kristján Eldjárn fyrrverandi forseti.

*Heill og sæll, blessaður, gott að heyra í þér.*

Já, þakka ykkur fyrir, fylgjumst við með gamla Íslandi og vonum að gangi vel og reynum að senda ykkar stjórn mála fólki og öðrum góða strauma og áhrif.

Og vil ég sérstaklega beina þeim áhrifum til hins nýja forseta sem þið hafið kosið ykkur.

Fyrri forsetar hafa allir hugsað sérstaklega mikið um menningararfinn og verið ötulir boðberar íslensku tungunnar og sameiginlegrar menningar norðurlanda þjóðanna og skyldunni á því að varðveita frumtunguna og kenna hana sem víðast úti í hinum stóra heimi.

Og hefur það orðið mér mikilvægara áhugamál með árunum, að taka við þeim áhrifum, þar sem góð áhrif koma frá fornþjóðunum sem eru öflugri en þau sem yngri eru.

Og vona ég að okkur hér takist að vekja enn meiri áhuga, núverandi forseta ykkar á menningararfinnum og taki þátt í samskiptum norðurlanda þjóðanna sem miða að eflingu fornra samskipta og sameiginlegra forfeðra og formæðra og munu þá norðurlanda þjóðirnar verða fyrstar að reisa stjórnum sambandsstöðvarnar sem líkamningar geta fram komið meðal þeirra.

Já nú tel ég mig hafa komið þessu fram sem ég vildi, og vil ég gjarnan svara einhverjum örfáum spurningum ef hægt er.

*Kristján má ég láta son þinn Ingólf hafa uppskrift af þessu sambandi, ég þekki hann vel. ?*

Já það er velkomið. *Takk fyrir það.*

*Kristján varst þú kunnugur Nýal, hafðir þú lesið Nýal á sínum tíma ?*

Eitthvað, jú ég kannaðist við, ég hafði eitthvað kynnt mér þetta, og veitti athygli í tímaritum, ekki síður, en það var ekki síður áhugi hans á orðum íslenskunnar, og ýmislegt þannig.

Hitt fannst mér erfitt, að mynda mér skoðun á, til fullnustu, hvort það gæti verið rétt, en vonaði að rétt væri, og kom svo sannarlega í ljós.

Já fyrst þú minnst á hann, son minn, og þau fjölskylduna, við viljum bæði biðja að heilsa, við hjónin.

*Ég skila því. Og kærleikskveðju. Já.*

Já ég fékk nú meiri áhuga á þessu, eftir að hingað kom, mér þótti þetta svo lítið torvelt, en merkilegt, það voru víst margir sem höfðu eitthvað kynnt sér þetta, en gátu ekki myndað sér alveg fullkomna skoðun á því, þá að minnsta kosti.

Já, en vissi það þó, að dr. Helgi var mikill málamaður og menningar frömuður sem var meðal fyrstu jarðfræðinga landsins sem náðu langt og vöktu athygli, já vissi að hann var merkilegur maður og hef ekki síður haft ánægju af því að hitta hann hér á þessum hnetti, eða ræða við hann í fjarsambandi.

Og þakka ég fyrir mig og viljum við senda þjóðinni góðar kveðjur og okkar ættingjum, og var þetta ánægjulegt, og þakka ég fyrir mig, og verið þið blessuð og sæl.

*Vertu sæll og takk fyrir.*